



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 24. júní 2024

VEL24050048

## UMSÖGN

### Umsögn um tillögu velferðarsviðs um hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillögur velferðarsviðs um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Tillagan felur í sér hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. júní 2024, sem hér segir:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6+	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Samkvæmt kostnaðarmati velferðarsviðs þá má gera ráð fyrir að áætlaðar greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings lækki um 140 m.kr. á ári. Heildaráætlun ársins 2024 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.677 m.kr. og er útlit fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur verði innan fjárheimilda á árinu. Í ljósi þessa gerir fjármála- og áhættusvið ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt,  
Halldóra Káradóttir  
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs